

## 2009 nr. 152 29. desember

### Lög um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki

**Tóku gildi 1. janúar 2010.** *Breytt með l. 165/2010 (tóku gildi og komu til framkvæmda skv. fyrirmálum í 69. gr.), l. 73/2011 (tóku gildi 28. júní 2011 nema 2. og 5. gr. sem tóku gildi 1. jan. 2012; komu til framkvæmda skv. fyrirmálum í 13. gr.), l. 126/2011 (tóku gildi 30. sept. 2011), l. 126/2014 (tóku gildi 1. jan. 2015), l. 79/2016 (tóku gildi 1. júlí 2016 nema 3. og 5. gr. sem taka gildi 1. jan. 2017; komu til framkvæmda skv. fyrirmálum í 9. gr.) og l. 134/2018 (tóku gildi 1. jan. 2019; komu til framkvæmda skv. fyrirmálum í 4. gr.).*

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málfnasvið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við **fjármála- og efnahagsráðherra** eða **fjármála- og efnahagsráðuneyti** sem fer með lög þessi.

#### I. kaffli. Almenn ákvæði.

##### ■ 1. gr. *Markmið.*

□ [Markmið þessara laga er að efla rannsóknir og þróunarstarf og bæta samkeppnisskilyrði nýsköpunarfyrirtækja með því að veita þeim rétt til skattfrádráttar vegna kostnaðar við nýsköpunarverkefni.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 165/2010, 42. gr.

##### ■ 2. gr. *Gildissvið.*

□ [Lög þessi gilda um fyrirtæki sem eru eigendur rannsóknar- eða þróunarverkefna sem staðfest hafa verið af Rannsóknamiðstöð Íslands skv. 5. gr. Háskólar og opinberar stofnunar teljast ekki fyrirtæki í skilningi laga þessara.]<sup>1)</sup>

□ [Fyrirtæki sem eiga í fjárhagsvanda falla utan gildissviðs laga þessara. Sama gildir um fyrirtæki sem íslenska ríkið á útstandandi endurgreiðslukröftu á vegna ólögmætrar ríksaðstoðar.]<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> L. 165/2010, 43. gr. <sup>2)</sup> L. 126/2014, 1. gr.

##### ■ 3. gr. *Orðskýringar.*

□ Í lögum þessum merkir:

1. *Lítíð fyrirtæki:* Fyrirtæki sem er með færri en 50 starfsmenn og er með árlega veltu undir [10 milljónum]<sup>1)</sup> evra og/eða efnahagsreikning undir [10 milljónum]<sup>1)</sup> evra, sbr. I. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar [(ESB) nr. 651/2014 frá 17. júní 2014],<sup>1)</sup> þar sem tilgreindir eru tilteknir flokkar aðstoðar sem samrýmast sameiginlega markaðnum til beitingar 61. og 62. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið.

2. *Meðalstórt fyrirtæki:* Fyrirtæki sem er með á bilinu 50–250 starfsmenn og er með árlega veltu undir 50 milljónum evra og/eða efnahagsreikning undir 43 milljónum evra, sbr. I. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar [(ESB) nr. 651/2014].<sup>1)</sup><sup>2)</sup>

[3.]<sup>2)</sup> [Nýsköpunarfyrirtæki: Lögaðilar skv. 1. og 3. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, sem stunda rannsóknir eða þróun samkvæmt lögum þessum.]<sup>2)</sup>

[4.]<sup>2)</sup> [Rannís: Rannsóknamiðstöð Íslands sem er ríkisstofnun [starfrækt samkvæmt lögum um opinberan stuðning við vísindarannsóknir].<sup>3)</sup>

[5.]<sup>2)</sup> [Rannsóknar- og þróunarkostnaður: Beinn kostnaður við verkefni sem hlotið hefur staðfestingu skv. 5. gr., svo sem vegna starfsmanna, tækja, húsnaðis, aðkeyptrar rannsóknar- og þróunarvinnu og annarra aðfanga sem eingöngu eru notuð við verkefnið.]<sup>2)</sup>

[6.]<sup>2)</sup> [Rannsóknir og þróun: Afmarkað og markvisst verkfni sem er ætlað að afla nýrrar þekkingar eða nýrrar færni sem telst vera til framdráttar fyrir fyrirtækið vegna þróunar nýrrar eða betri vöru, þjónustu eða framleiðsluaðferðar].<sup>3)</sup>

[7.]<sup>2)</sup> [Skattfrádráttur: Frádráttur frá álögðum tekjuskatti eða endurgreiðsla samkvæmt lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt.

[8. *Stórt fyrirtæki:* Fyrirtæki sem er með fleiri en 250 starfsmenn, sbr. I. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar [(ESB) nr. 651/2014].<sup>1)</sup><sup>2)</sup>]

[9.]<sup>2)</sup> [Viðskiptaáætlun: Greinargerð um viðskiptahugmynd fyrirtækis, starfsemi þess og möguleika.

[10.]<sup>2)</sup> ...<sup>3)</sup>

<sup>1)</sup> L. 79/2016, 6. gr. <sup>2)</sup> L. 165/2010, 44. gr. <sup>3)</sup> L. 126/2014, 2. gr.

#### II. kaffli. [Umsóknarferli o.fl.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 165/2010, 51. gr.

##### ■ 4. gr. *Umsóknir til Rannís.*

□ [Umsókn um staðfestingu á rannsóknar- eða þróunarverkefni skal berast Rannís eigi síðar en [1. október]<sup>1)</sup> ár hvert.

□ Umsókn skal afhent á því formi sem Rannís ákveður. Með umsókn skal fylgja greinargóð lýsing á verkefninu ásamt verk- og kostnaðaráætlun.]<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> L. 126/2014, 3. gr. <sup>2)</sup> L. 165/2010, 45. gr.

##### ■ 5. gr. *[Staðfesting verkefna.]<sup>1)</sup>*

□ [Rannís ákvarðar hvort verkefni hlýtur staðfestingu samkvæmt lögum þessum. Skilyrði þess að verkefni hljóti staðfestingu er að það teljist rannsóknar- eða þróunarverkefni samkvæmt lögum þessum og einnig].<sup>1)</sup>

1. að hugmynd að virðisaukandi vöru/þjónustu og viðskiptaáætlun sé vel skilgreind, og

2. að sýnt sé fram á með gögnum að varið verði a.m.k. [1 millj. kr.]<sup>1)</sup> til rannsókna og þróunar á 12 mánaða tímabili, og

3. starfsmenn hafi þjálfun, menntun eða reynslu á því sviði sem hugmynd að virðisaukandi vöru eða þjónustu byggist á.

□ ...<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 165/2010, 46. gr.

##### ■ 6. gr. ...<sup>1)</sup>

□ [Ef nýsköpunarfyrirtæki kaupir rannsóknar- eða þróunarvinnu af ótengdu fyrirtæki, háskóla eða stofnun til nota í eigin staðfestu rannsóknar- eða þróunarverkefni hækkar hámark kostnaðar til útreiknings á frádrætti skv. 10. gr.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 165/2010, 47. gr.

##### ■ 7. gr. *Samstarfsverkefni.*

□ [Tvö eða fleiri ótengd nýsköpunarfyrirtæki geta staðið saman að verkefni og notið frádráttar skv. 10. gr. Í tilviki samstarfsverkefnis skulu upplýsingar um alla þátttakendur koma fram í umsókn skv. 4. gr. ásamt upplýsingum um áætlaða hlutdeild hvers og eins í rannsóknar- og þróunkostnaði.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 165/2010, 48. gr.

##### ■ 8. gr. *Málsmeðferð.*

□ [Við mat Rannís á rannsóknar- og þróunarverkefnum má leita til ráðgefandi fagnefndar sem skipuð er þremur fulltrúum með reynslu af málefnum tengdum nýsköpun. [[Ráðherra]<sup>1)</sup> og ráðherra er fer með málefni atvinnuþróunar og nýsköpunar]<sup>2)</sup> og Samtök atvinnulífsins tilnefna fulltrúa í fagnefndina.

□ Rannís skal innan tveggja mánaða frá móttöku umsóknar ákvarða hvort verkefni hlýtur staðfestingu skv. 5. gr. Til kynna skal umsækjanda um þá ákvörðun.

□ Rannís skal tilkynna ríkisskattstjóra um þau rannsóknar- eða þróunarverkefni sem hlotið hafa staðfestingu skv. 5. gr. og eigendur þeirra. Samstarfsverkefni skulu aðgreind sérstaklega og upplýst um alla þátttakendur í þeim. [Ríkisskattstjóra er heimilt að veita Rannís upplýsingar um niðurstöðu skattfrádráttar hjá einstökum fyrirtækjum.]<sup>1)</sup><sup>3)</sup>

□ ...<sup>3)</sup>

- Um meðferð umsókna hjá Rannís fer eftir lögum þessum og öðrum lögum sem um stofnunina gilda.
- Ákvárdanir Rannís samkvæmt lögum þessum eru endanlegar á stjórnsýslustigi.

<sup>1)</sup> L. 126/2014, 4. gr. <sup>2)</sup> L. 126/2011, 519. gr. <sup>3)</sup> L. 165/2010, 49. gr.

#### ■ 9. gr. Gildistími staðfestingar.

- Staðfesting Rannís skv. 5. . . <sup>1)</sup> gr. skal miðast við umsóknarar og gildir fyrir það almanaksár. Umsókn um framleiningu staðfestingar skal lögð fram árlega eigi síðar en 1. apríl. Rannís skal taka umsókn um framleiningu til afgreiðslu innan tveggja mánaða frá móttöku hennar. Fallist Rannís á framleiningu gildir staðfestingin fyrir það ár.

<sup>1)</sup> L. 165/2010, 50. gr.

#### III. kaffi. Framkvæmd.

##### ■ 10. gr. Skattfrádráttur.

- [Nýsköpunarfyrirtæki sem er eigandi að rannsóknar- eða þróunarverkefnum sem hlutið hafa staðfestingu skv. 5. gr. á rétt á sérstökum frádrætti frá álögðum tekjuskatti sem nemur 20 hundraðshlutum af útlögðum kostnaði vegna þessara verkefna enda sé um að ræða frádráttarbæran rekstrarkostn- að í skilningi 1. mgr. 1. tölul. 31. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt. Hámark kostnaðar til útreiknings á frádrætti hjá hverju fyrirtæki skal vera [600.000.000 kr.]<sup>1)</sup> á rekstrarári. Ef um er að ræða aðkeypta rannsóknar- eða þróunarvinnu skv. 6. gr. skal hámark kostnaðar samtals vera [900.000.000 kr.]<sup>1)</sup> Ef um er að ræða samstarfsverkefni skv. 7. gr. skal sama hámark gilda fyrir verkefnið í heild en frádrætti skipt hlutfallslega milli fyrirtækjanna sem taka þátt í samstarfsverkefninu.]<sup>2)</sup>
- Skilyrði frádráttar er að kostnaði vegna hvers rannsóknar- og þróunarverkefnis sé halddi aðgreindum frá öðrum útgjöldum nýsköpunarfyrirtækis og að gögn séu aðgengileg skatt- yfirvöldum þegar þau óska þess, sbr. X. kafla laga nr. 90/2003, um tekjuskatt.

□ Kostnaður sem ekki fellur til í atvinnurekstri tengdum rannsóknum og þróun skapar ekki frádráttarrétt hjá söluaðila, enda færst slískur kostnaður til frádráttar hjá kaupanda. [Kostnaður sem fellur til vegna umsóknar til Rannís myndar ekki frádráttarrétt hjá nýsköpunarfyrirtæki.]<sup>2)</sup>

□ Árlega skal gera grein fyrir kostnaði vegna rannsókna og þróunar í skattframtali á þann hátt sem ríkisskattstjóri ákveður. Kostnaðargreinargerð skal árituð af endurskoðanda, skoðunarmanni eða viðurkenndum bókara.

□ [Ráðherra]<sup>3)</sup> skal í reglugerð<sup>4)</sup> setja nánari reglur um skiptingu og meðferð óbeins kostnaðar, þ.m.t. um fyrningu, fjármagnskostnað og launakostnað, sem til fellur vegna rannsóknar- og þróunarverkefna í þessu sambandi.

<sup>1)</sup> L. 134/2018, 2. gr. <sup>2)</sup> L. 165/2010, 52. gr. <sup>3)</sup> L. 126/2011, 519. gr. <sup>4)</sup> Rg. 758/2011.

##### ■ 11. gr. Greiðsla skattfrádráttar.

□ Skattfrádráttur skv. 10. gr. kemur til lækkunar á álögðum tekjuskatti við álagningu opinberra gjalda lögaðila, sbr. 71. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt. Sé álagður tekjuskattur lægri en ákvárdanir frádráttur eða sé lögaðila ekki ákvárdanir tekjuskattur vegna skattalegs taps skal frádrátturinn greiddur út, að teknu tilliti til 112. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt. . . <sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 165/2010, 53. gr.

##### ■ 12.-14. gr. . . . <sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 165/2010, 54. gr.

##### ■ 15. gr. Takmarkanir á heildarfjárhæð opinberra styrkveitinga.

□ Heildarfjárhæð opinbers stuðnings við nýsköpunarfyrir-

tæki samkvæmt lögum þessum takmarkast af skuldbindingum Íslands samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið.

□ [Samanlagður styrkur frá opinberum aðilum að meðtöldum skattfrádrætti samkvæmt lögum þessum skal ekki fara yfir neðangreind hlutföll [af styrkhæfum kostnaði]<sup>1)</sup> vegna sama rannsóknar- eða þróunarverkefni:

[1. Þegar um lítil fyrirtæki er að ræða getur samanlagður styrkur orðið hæstur 70% af heildarupphæð styrkhæfs kostnaðar vegna rannsóknarverkefni eða 80% í tilviki samstarfsverkefni. Samanlagður styrkur vegna þróunarverkefni getur hæstur orðið 45% af heildarupphæð styrkhæfs kostnaðar eða 60% í tilviki samstarfsverkefni.

2. Þegar um meðalstórt fyrirtæki er að ræða getur samanlagður styrkur orðið hæstur 60% af heildarupphæð styrkhæfs kostnaðar vegna rannsóknarverkefni eða 75% í tilviki samstarfsverkefni. Samanlagður styrkur vegna þróunarverkefni getur hæstur orðið 35% af heildarupphæð styrkhæfs kostnaðar eða 50% í tilviki samstarfsverkefni.

3. Þegar um stórt fyrirtæki er að ræða getur samanlagður styrkur orðið hæstur 50% af heildarupphæð styrkhæfs kostnaðar vegna rannsóknarverkefni eða 65% í tilviki samstarfsverkefni enda sé um að ræða samstarfsverkefni milli landa á Evrópska efnahagssvæðinu eða með a.m.k. einu litlu eða meðalstóru fyrirtæki. Samanlagður styrkur vegna þróunarverkefni getur hæstur orðið 25% af heildarupphæð styrkhæfs kostnaðar eða 40% í tilviki samstarfsverkefni enda sé um að ræða samstarfsverkefni milli landa á Evrópska efnahagssvæðinu eða með a.m.k. einu litlu eða meðalstóru fyrirtæki.]<sup>1)</sup>

□ Skilyrði aukningar á styrkhæfi vegna sameiginlegra verkefna er að þau feli í reynd í sér samstarf milli a.m.k. tveggja óháðra fyrirtækja og eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

1. ekkert eitt fyrirtæki fari með meira en 70% af hinum styrkhæfa kostnaði vegna samstarfsverkefnisins;

2. verkefnið verður að fela í sér samstarf í það minnsta eins lítils eða meðalstórs fyrirtækis eða vera yfir landamæri, þ.e. rannsóknar- og þróunarstarfsemin verður að eiga sér stað innan í það minnsta tveggja EES-landa.

□ Aukning á styrkhæfi er einnig heimil ef verkefnið felur í reynd í sér samstarf milli fyrirtækis og rannsóknarstofnunar, sérstaklega í sambandi við samræmingu stefnumörkunar á sviði rannsókna og þróunar, og eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

1. rannsóknarstofnun fer með í það minnsta 10% af hinum styrkhæfa kostnaði;

2. rannsóknarstofnunin hefur rétt til að birta niðurstöður rannsóknarverkefnisins að því marki sem þær eru tilkomnar vegna rannsókna sem stofnunin hefur hrint í framkvæmd.

□ Enn fremur er aukning heimil, fyrir rannsóknir eingöngu, ef niðurstöðum verkefnisins er dreift með almennum hætti á tækní- og vísindaráðstefnum eða með birtingu í vísinda- eða tækniritum eða í gegnum opin gagnasöfn (gagnagrunna þar sem hver sem er getur nálgast grunngögn úr rannsóknum), eða í gegnum ókeypis eða opinn hugbúnað.

□ Undirverktaka skv. 3. og 4. mgr. telst ekki samstarf í skilningi laga þessara.]<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> L. 73/2011, 9. gr. <sup>2)</sup> L. 165/2010, 55. gr.

#### IV. kaffi. Ýmis ákvæði.

##### ■ 16. gr. Reglugerðarheimild.

□ [Ráðherra setur í reglugerð<sup>1)</sup> nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara, þ.m.t. um hugtökin rannsóknir, þróun,

tengdir aðilar og styrkhæfur kostnaður. Þá skal hann í reglugerð mæla nánar fyrir um gildissvið laga þessara skv. 2. gr.<sup>[2)</sup>

<sup>1)</sup> Rg. 758/2011, sbr. 247/2015, 833/2016, 492/2017 og 334/2019. <sup>2)</sup> L. 126/2014, 5. gr.

■ **17. gr. Gildistaka.**

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2010 og koma til fram-

kvæmda við álagningu opinberra gjalda 2011 vegna tekjuársins 2010. Lögin skulu koma til endurskoðunar innan tveggja ára frá gildistöku þeirra.

...<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 134/2018, 3. gr.